

Sp.

74. Fyrirspurnir.

[68. mál]

I. Til menntamálaráðherra um kennaraskort á grunnskólastigi.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hefur menntamálaráðuneytið látið framkvæma könnun á því, hverjar orsakir liggja til þess að svo erfiðlega gengur að fá fullmenntaða kennara á grunnskólastiginu?
2. Eru uppi einhverjar áætlanir hjá ráðuneytinu í þá átt að bæta úr því ástandi, er nú ríkir og hlýtur að teljast óviðunandi?

II. Til heilbrigðisráðherra um málefni vangefinna og fjölfatlaðra.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 16. maí 1975 um hjálparstofnanir vegna vangefinna, sem dveljast í heimahúsum, og aukningu hjúkrunarrýma?

III. Til heilbrigðisráðherra um geðdeild Landsspítalans.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

1. Hvað líður byggingu geðdeildar Landsspítalans?
2. Hve mörg sjúkrahús fyrir geðsjúka skortir og hvenær verður hægt að taka sjúkrahús væntanlegrar geðdeildar í notkun?
3. Hvenær áætlar ríkisstjórnin að geðdeildarbyggingunni verði lokið?

IV. Til dómsmálaráðherra um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta?